



# Ársskýrsla 2020-2021

JÚNÍ 2021

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
1. Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri.....	4
2. Skipulagsskrá .....	4
3. Vinna að stefnumótun.....	4
4. Fjármál og rekstur.....	5
5. Aðstaða og faglegt starf.....	6
6. Miðlun upplýsinga .....	9
7. Ytra samstarf .....	10

## Inngangur

Rekstur AkureyrarAkademíunnar gekk vel á liðnu starfsári og sýnir ársreikningur 2020 jafnvægi í rekstri. Kórónaveiran hafði hins vegar þau áhrif að það dró úr starfsemi og reyndist nauðsynlegt að slá ýmsu á frest eins og samstarfi fulltrúa á vettvangi AkAk og ýmis áform sem búið var að ákveða urðu að bíða vegna stöðunnar í samfélaginu. Áhrifin komu líka fram í minni eftirspurn eftir vinnuaðstöðu um tíma sem hægt var að snúa við og einnig varð samdráttur í viðburðahaldi bæði á vegum AkAk og í samstarfi við aðra aðila.

Þrátt fyrir þetta hefur engu að síður tekist að koma ýmsu í verk eins og eftirfarandi skýrsla um starfsárið 2020-2021 ber með sér.

Verkefni sem hæst bar í starfi AkAk á liðnu starfsári er stefnumótun fyrir stofnunina sem var unnin og lögð fram og fylgir hún með þessari starfsskýrslu. Lögð var áhersla á að auka miðlun upplýsinga um starf á vettvangi AkAk og tekið var saman yfirlit yfir verk sem einstaklingar hafa unnið að hjá AkAk frá því að Félag sjálfstætt fræðimanna á Norðurlandi var stofnað árið 2006 og til þessa dags. Einnig var samstarfi við öldrunarheimilin í bænum um fyrirlestra fyrir íbúana haldið áfram og ytra samstarf var víkkað út með formlegum samningum við ýmsa aðila.

Stjórn AkureyrarAkademíunnar þakkar mennta- og menningarmálaráðuneytinu fyrir samstarfið á liðnu starfsári og væntir áframhaldandi góðs samstarfs.

Akureyri 28. júní 2021

F. h. stjórnar AkureyrarAkademíunnar

Steinunn A. Ólafsdóttir formaður

## 1. Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri

Á ársfundi 20. maí 2020 var kosið í stjórn og fulltrúaráð AkureyrarAkademíunnar (AkAk) en samkvæmt skipulagsskrá kýs ársfundur sjö manna fulltrúaráð, þar af þrjá í stjórn, til eins árs í senn úr hópi skráðra fulltrúa.

Starfsárið 2020-2021 var stjórn skipuð þannig:

- Steinunn A. Ólafsdóttir, formaður
- Ólafur B. Thoroddsen, gjaldkeri
- dr. Sigurgeir Guðjónsson, ritari

Í fulltrúaráði sátu ásamt stjórnarmönnum:

- dr. Arndís Bergsdóttir
- Bergljót Prastardóttir
- dr. Martina Huhtamäki
- dr. Valgerður S. Bjarnadóttir

Stjórn AkAk fer með öll málefni stofnunarinnar milli ársfunda, er æðsta vald í málefnum hennar og ber ábyrgð gagnvart fulltrúaráði. Stjórn mótar stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar, vinnur að markmiðum hennar og setur henni reglur. Almenn stjórnarstörf, sem meðal annars felast í fundum, eru unnin í sjálfboðavinnu. Stjórn AkAk fundaði alls níu sinnum á starfsárinu.

Aðalheiður Steingrímsdóttir framkvæmdastjóri hefur verið í 30% starfi frá því hún hóf störf um miðjan mars 2020 en gert er ráð fyrir að hækka hlutfallið í 50% þegar kemur fram á þetta ár. Hlutverk framkvæmdastjóra er að vera talsmaður stofnunarinnar og annast rekstur hennar og reikningsskil í umboði stjórnar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og vinnur að framgangi stefnumála stofnunarinnar hverju sinni og situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt.

## 2. Skipulagsskrá

Á ársfundi 20. maí 2020 lagði stjórn fram tillögur um breytingar á skipulagsskrá AkAk frá 19. júní 2014 sem höfðu þann tilgang að aðlaga einstök ákvæði hennar betur að starfsemi og skipulagi stofnunarinnar og að bæta röklegt samhengi og flæði með því að breyta uppröðun og yfirskrift greina. Ársfundurinn samþykkti tillögurnar samhljóða. Í kjölfarið fór stjórn þess á leit við embætti Sýslumannsins á Norðurlandi vestra, Sauðárkróki, að gerðar yrðu breytingar á skipulagsskrá stofnunarinnar í samræmi við samþykkt ársfundar. Jafnframt upplýsti framkvæmdastjóri mennta- og menningarmálaráðuneytið um fyrirhugaðar breytingar. Ný skipulagsskrá AkureyrarAkademíunnar nr. 764/20. júlí 2020 var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 5. ágúst 2020.

## 3. Vinna að stefnumótun

Í september 2020 efndi stjórn AkAk til umræðufundar með fulltrúum um mótun starfsstefnu fyrir stofnunina en í 4. gr. skipulagsskrár er gengið út frá því að stofnunin hafi starfsstefnu sem skuli endurskoða á fjögurra á fresti. Á fundinum var unnið með framtíðarsýn, úrbótahugmyndir og

forgangsverkefni. Skýr samhljómur kom fram um að leggja þyrfti áherslu á fjögur megin svið í starfsmarkmiðum og aðgerðum AkAk:

- a) Fjármál og rekstur,
- b) Aðstaða og faglegt starf,
- b) Miðlun upplýsinga,
- d) Ytra samstarf.

Stjórn lagði drög að nýrri stefnu fyrir ársfund AkAk 2021 sem var haldinn 20. maí sl. sem fólu í sér tillögur um framtíðarsýn og hlutverk AkAk, gildi í starfi, starfsmarkmið, aðgerðir og mælikvarða fyrir tímabilið 2021-2025 sem byggjast á ofangreindum fjórum sviðum, sem og starfsáætlun fyrir næsta starfsár. Ársfundurinn samþykkti tillögurnar samhljóða.

#### **4. Fjármál og rekstur**

Samkvæmt nýrri stefnu AkureyrarAkademíunnar er meginmarkmið í fjármálum og rekstri að tryggja öryggi í fjármálum og stöðugleika í rekstri.

Grunnforsendan í starfi stofnunarinnar er samningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem tryggir stofnuninni fjárframlög samkvæmt skilgreindum rekstrarverkefnum og gerir henni kleift að hafa starfsmann sem heldur utan um rekstur og starfsemi. Gengið var frá framlengingu á samstarfssamningi AkAk við mennta- og menningarmálaráðuneytið til eins árs í byrjun ársins 2020 og var framlagið 9,1 m.kr. á því ári. Gert var ráð fyrir að nýr samstarfssamningur til næstu þriggja ára myndi liggja fyrir í árslok 2020 en niðurstaðan var að aðilar gerðu nýjan viðauka við gildandi samstarfssamning sem framlengdi gildistíma hans út árið 2021 eða þar til nýr samningur tæki gildi innan ársins. Gengið var frá nýjum viðauka í janúar 2021 og er framlagið vegna þessa árs 9,2 m.kr.

Haldnir voru tveir samráðsfundir með ráðuneytinu um fjármál og starfsemi AkAk samkvæmt ákvæðum samstarfssamnings aðila, annar í júní og hinn í október 2020, þar sem framkvæmdastjóri fundaði með fulltrúum ráðuneytisins.

Rekstur AkureyrarAkademíunnar gekk vel á árinu 2020 og var hann í jafnvægi. Rekstrarafkoma ársins var 2 m.kr. Rekstrartekjur voru 10.9 m.kr. og voru tekjur af útleigu vinnuaðstöðu hærri en á árinu 2019. Tekjur af styrkjum voru minni en á árinu 2019 en kórónaveiran leiddi til samdráttar í viðburðahaldi AkAk og erfiðara var að afla styrkja í þeim tilgangi eins og víðast hvar í samfélaginu. Rekstrargjöld voru 7.6 m.kr. og voru þau lægri en árið 2019 sem skýrist einkum af minni verkefnakostnaði vegna samdráttar í viðburðahaldi og minni launakostnaði vegna lægra starfshlutfalls nýs framkvæmdastjóra miðað við starfshlutfall fráfarandi framkvæmdastjóra. Rekstur fasteignar og annar rekstrarkostnaður var hærri á árinu 2020 en 2019 sem skýrist af kaupum á húsnæði í Sunnuhlíð 12 en þá komu til ýmsir nýir liðir eins og fasteignagjöld, rekstur sameignar (hússjóður), fasteignatryggingar o.fl. og ennfremur höfðu ýmsir rekstrarliðir ekki verið virkir stóran hluta ársins 2019 en þá var AkAk í húsnæði sem Akureyrarbær útvegaði tímabundið sem var án kostnaðar fyrir stofnunina. Hærri fundakostnaður árið 2020 m.v. fyrra ár tengist vinnu sérfræðings sem var fenginn til að undirbúa og halda utan um fund sem stjórn AkAk hélt með fulltrúum í september 2020 til að vinna að mótun stefnu fyrir stofnunina. Í ýmsum öðrum kostnaði felst einkum kostnaður við þinglýsingar vegna kaupa á húsnæðinu í Sunnuhlíð 12. Í vaxtagjöldum eru

vextir af húsnæðisláninu sem var tekið vegna húsnæðis kaupanna. Afborgun af láninu er um 140.000 kr. á mánuði.

## 5. Aðstaða og faglegt starf

Samkvæmt nýrri stefnu AkureyrarAkademíunnar eru meginmarkmið um aðstöðu og faglegt starf að:

- Veita háskólanemum á Norðurlandi og þeim sem sinna fræði- og ritstörfum aðstöðu til að vinna að hugðarefnum sínum með því að reka öflugt fræða- og menningarsetur á Akureyri með áherslu á þverfaglegt og lifandi þekkingarsamfélag um menntun, menningu, rannsóknir og samfélag.
- Efla samveru fulltrúa og þverfaglegt samstarf á vettvangi AkAk.
- Gæta að jafnréttis-, mannréttindasjónarmiðum í starfsemi AkAk.
- Gæta að umhverfissjónarmiðum og sjálfbærni í starfsemi AkAk.

### a) Húsnæðismál

AkureyrarAkademían komst í öruggt húsnæði þegar fest voru kaup á skrifstofurými í verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð 12 sem var í eigu Díls ehf. Bókhaldsþjónustu og var skrifað undir kaupsamning í janúar 2020 og flutt í nýja húsnæðið í lok febrúar. Kaupverð var 25.800.000 kr. og var tekið bankalán að upphæð 20.250.000 kr. til að fjármagna kaupin. Húsnæðið er tæplega 180 fm að stærð og hentar starfsemi AkAk mjög vel. Þegar húsnæðið var keypt samdi fyrrverandi eigandi um að fá að vera áfram í hluta rýmisins en á móti var kaupverð eignarinnar lækkað og var gert ráð fyrir að rýmið yrði losað í febrúar á þessu ári. Í byrjun þessa árs óskaði fyrrverandi eigandi hins vegar eftir því að fá að vera áfram í húsnæði AkAk en í minna rými en áður og var gengið frá ótímabundnum leigusamningi í febrúar með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti.

### b) Útleiga á vinnuaðstöðu

AkAk hafði til umráða vinnupláss fyrir níu einstaklinga í tímabundnu húsnæði í Glerárgötu 34 og var fjöldi vinnuplássna sá sami eftir að flutt var Sunnuhlíð 12 í lok febrúar 2020 en aðstaða framkvæmdastjóra er ekki talin með hér.

Alls voru 20 einstaklingar með vinnuaðstöðu hjá AkAk á árinu 2020, til lengri eða skemmri tíma, sem er svipaður fjöldi og á árinu 2019. Þetta voru: Aðalheiður Steingrimsdóttir, Anna Soffía Víkingsdóttir, Arndís Bergsdóttir, Bára Sif Sigurjónsdóttir, Bergljót Prastardóttir, Dagný Davíðsdóttir, Daníel Gunnarsson, Hulda Þórey Gísladóttir, Kristín Thorberg, Martina Huhtamäki, Melkorka Mjöll Kristinsdóttir, Ólafur B. Thoroddsen, Sigurgeir Guðjónsson, Skafti Ingimarsson, Sólveig Rósa Davíðsdóttir, Steinunn A. Ólafsdóttir, Valgerður S. Bjarnadóttir, Valgerður Ósk Einarsdóttir, Þóra Pétursdóttir og Þórhallur S. Bjarnason.

<b>Nýting á útleigðri vinnuaðstöðu 2017-2020<sup>1</sup></b>			
<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>
88%	103%	102%	95%

Yfirlitið ber með sér að góð nýting hefur verið á vinnuaðstöðu hjá AkAk undanfarin ár en almennt er eftirspurn eftir vinnuaðstöðu talsvert árstíðabundin, hún er mest í janúar og september en oft minni yfir sumarmánuðina. Eftir að flutt var í húsnæðið í Sunnuhlíð dró um tíma úr eftirspurn eftir vinnuaðstöðu vegna áhrifa kórónaveirunnar og var laus vinnuaðstaða auglýst á miðlum AkAk og einnig í Háskólanum á Akureyri sem hafði þau áhrif að frá hausti 2020 og út árið voru öll vinnupláss í notkun og einnig var bætt við borði til að koma fleirum að. Skýringin á yfir 100% nýtingu fyrir árin 2018 og 2019 er að þá var bætt við tímabundinni vinnuaðstöðu til að mæta aukinni eftirspurn.

<b>Yfirlit yfir námsstig þeirra sem leigðu vinnuaðstöðu hjá AkAk árin 2017-2020.<sup>2</sup></b>				
	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>
<b>Háskólakennarar</b>				1
<b>Nýdóttorar</b>	1	3		3
<b>Doktorsnemar</b>	5	6	4	3
<b>Meistararnemar</b>	8	9	12	7
<b>Nemar í grunnnámi</b>				2
<b>Sjálfstætt starfandi</b>	4	4	5	4
<b>Samtals</b>	<b>18</b>	<b>22</b>	<b>21</b>	<b>20</b>

Nemar í meistaránámi eru flestir þeirra sem leigja vinnuaðstöðu hjá AkAk en þeir eru oft í styttri tíma hjá stofnuninni en aðrir hópar. Næst stærstu hóparnir í gegnum árin eru annars vegar doktorsnemar og hins vegar sjálfstætt starfandi fræðimenn og þar á eftir koma nýdóttorar. Þeir sem starfa í húsnæði AkAk njóta þar félagsskapar og stuðnings og geta leitað eftir aðstoð og ábendingum við störf sín en mikilvægt er að geta rætt þau verk sem fengist er við hverju sinni.

Eins og áður starfaði innanhúsfólk á margvíslegum fagsviðum og vann að fjölbreyttum verkum, birti greinar og ritverk, hélt erindi á fundum og ráðstefnum, var ráðið til rannsóknarstarfa við alþjóðleg verkefni og vann að ritgerðum og rannsóknum í grunn-, meistara- og doktorsnámi við innlenda og erlenda háskóla.

Framkvæmdastjóri kemur á framfæri við fulltrúa upplýsingum um styrkmöguleika og veitir aðstoð við styrkumsóknir og önnur verkefni eins og með þarf. Þeim sem starfa innan AkAk gefst auk þess kostur á

<sup>1</sup> Tölur um nýtingu eru miðaðar við almanaksárið hverju sinni en ekki starfsárið sem er milli ársfunda og eru haldnir í maí.

<sup>2</sup> Upplýsingar um námsstig þeirra sem leigja vinnuaðstöðu hjá AkAk miðast við almanaksárið en ekki starfsárið.

að sækja um styrki í samkeppnissjóði undir merkjum AkAk. Stofnunin mun í slíkum tilfellum sjá um fjárhagslega hlið styrkveitingarinnar gegn þóknun.

AkAk stefnir að því að koma fyrir á heimasíðu sinni yfirliti yfir rannsóknarsjóði og sjóðadagatali til hagræðis fyrir fulltrúa. Einnig er stefnt að því að leggja könnun fyrir fulltrúa AkAk þar sem spurt verður um viðhorf þeirra til húsnæðis, aðstöðu og þjónustu stofnunarinnar.

Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að ná til þess fjölmenna hóps sem hefur leigt vinnuaðstöðu hjá stofnuninni á liðnum árum sem hefur skilað þeim árangri að tekist hefur að halda svipuðum heildarfjölda skráðra fulltrúa AkAk undanfarin ár en á starfsárinu 2020-2021 var fjöldinn rúmlega 30.

### **c) Samvera og þverfaglegt samstarf**

Löng hefð er fyrir því að innanhúsfólk og aðrir fulltrúar sem starfa utan veggja AkAk hittist reglulega á súpufundum til að ræða um starfsemi stofnunarinnar og einnig eru haldin árleg jólaboð og farið saman í vorferðir. Vegna áhrifa kórónaveirunnar á starfsárinu gekk erfiðlega að viðhalda súpufundum en vonir standa til að hægt verði að fara aftur að stað með þá næsta haust. Einnig varð að fella niður af þessum ástæðum árlegt jólaboð en vorferð var farin í júní og skoðaðir voru merkir staðir austan Eyjafjarðar.

AkAk stefnir að því að efla samveru og þverfaglegt samstarf með því að fulltrúar kynni verk sín og haldi námskeið fyrir aðra fulltrúa þegar eftir því er leitað. Í samstarfsamningum stofnunarinnar við þá sem leigja þar vinnuaðstöðu er kveðið á um að fulltrúar taki virkan þátt í daglegu starfi stofnunarinnar og leggi með því sitt af mörkum til starfseminnar sem og að skapa góðan starfsanda og stuðla að góðum samskiptaháttum. Á starfsárinu voru settar fram aðgengilegar leiðbeiningar fyrir fulltrúa um umgengni í húsnæði stofnunarinnar en eftir er að setja fram leiðbeiningar um góða samskiptahætti.

### **d) Jafnréttis- og mannréttindasjónarmið**

Í samstarfsamningum stofnunarinnar við þá sem leigja þar vinnuaðstöðu er kveðið á um að fulltrúar taki þátt í að gæta að jafnréttis- og mannréttindasjónarmiðum í umgengi og samskiptum á vettvangi AkAk og þar er undirstrikað að einelti og kynferðisleg áreitni er ekki liðið innan stofnunarinnar. AkAk stefnir að því að setja fram aðgengilegar leiðbeiningar fyrir fulltrúa um jafnréttis- og mannréttindasjónarmið innan stofnunarinnar.

### **e) Umhverfismál og sjálfbærni**

Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á umhverfismál innan AkAk. Vel hefur gengið að flokka sorp og leitast er við að haga innkaupum út frá umhverfissjónarmiðum. Innan AkAk starfa margir einstaklingar til lengri og skemmri tíma og er það mikilvægur hluti af samfélagslegri ábyrgð stofnunarinnar að sýna gott fordæmi í umhverfismálum. Á starfsárinu voru teknar saman aðgengilegar leiðbeiningar fyrir fulltrúa um flokkun sorps, förgun og endurnýtingu pappírs og umbúða í húsnæði AkAk.



## 6. Miðlun upplýsinga

Samkvæmt nýrri stefnu AkureyrarAkademíunnar eru meginmarkmið um miðlun upplýsinga að efla miðlun um starf á vettvangi AkAk á heimasíðu og samfélagsmiðlum til að auka sýnileika AkAk í samfélaginu.

### a) Yfirlit yfir verk akademóna

Í byrjun þessa árs var Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur ráðin til að taka saman yfirlit yfir verk sem einstaklingar hafa unnið að á vettvangi AkureyrarAkademíunnar frá stofnun Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi árið 2006 og til þessa dags. Um er ræða lokaritgerðir, ritverk, rannsóknarskýrslur, tímaritsgreinar, útgefið kennsluefni, fyrirlestra og sýningar. Yfirlitið tekur til afmarkaðra þátta og felur í sér skráningu á nöfnum einstaklinga, á hvaða tímabili viðkomandi var með vinnuaðstöðu og að hverju var unnið. Tilgangurinn með yfirlitinu er að vekja athygli á því fjölbreytta vísinda- og fræðastarfi sem farið hefur fram á vettvangi AkAk í gegnum tíðina og mikilvægi þess fyrir samfélagið. Stefnt er að því að yfirlitið liggi fyrir í haust og í kjölfarið verður það birt á miðlum AkAk og gefið út á prenti og verður það notað til að vekja athygli á og kynna starfið á vettvangi stofnunarinnar.

Yfirlitið sýnir að frá 2006 til 2021 hafa um 95 einstaklingar, þar af 60 konur og 35 karlar, dvalið um lengri eða skemmri tíma á vettvangi AkAk til að vinna að áðurnefndum verkum og eru námsmenn – bæði frá innlendum og erlendum háskólum – 67% hópsins, þar af voru 21 í doktorsnámi, 34 unnu að meistaritgerð og fjórir voru í grunnnámi. Fyrir utan námsmenn hefur fjölbreyttur hópur vísinda-, fræði- og listamanna einnig fundið sér samastað í tilverunni um lengri eða skemmri tíma innan veggja AkAk. Einstaklingarnir hafa starfað á um 45 mismunandi fag- og fræðasviðum og gefur yfirlitið því skýrt til kynna að AkAk er aðsetur fyrir öflugt vísinda- og fræðastarf og gegnir stofnunin mikilvægu hlutverki fyrir samfélagið.

### b) Fréttabréf

AkAk hóf útgáfu fréttabréfa í nóvember á síðasta ári og koma þau út að jafnaði annan hvern mánuð. Fréttabréfin eru send til fulltrúa AkAk og samstarfsaðila stofnunarinnar og er tilgangurinn með þeim að miðla upplýsingum um það helsta sem er efst á baugi í starfinu hverju sinn hjá AkAk og að styrkja gagnkvæm tengsl og samskipti. Fréttabréfin hafa mælst vel fyrir.

### c) Heimasíða og samfélagsmiðlar

AkureyrarAkademían notar samfélagsmiðla og vefsíðu til að koma upplýsingum á framfæri um starf og viðburði á vettvangi stofnunarinnar. Lögð hefur verið áhersla á að viðhalda og efla vefsíðu stofnunarinnar en þar má finna upplýsingar um þá sem starfa innan stofnunarinnar á hverjum tíma og viðburði sem stofnunin stendur fyrir. Jafnframt eru birtar þar skýrslur og ársreikningar stofnunarinnar og ýmis önnur gögn um starfsemina. AkAk starfækir einnig samfélagsmiðlasíður bæði út á við fyrir almenning og inn á við fyrir fulltrúa AkAk sem nýtast fyrir ýmiskonar upplýsingamiðlun og samskipti.

AkAk stefnir að því að leita nýrra leiða við miðlun upplýsinga um starf og verkefni á vegum stofnunarinnar, m.a. með samstarfi við svæðismiðla.

#### **d) Viðburðir**

Eins og áður var nefnt þá dró úr starfsemi AkAk á starfsárinu vegna áhrifa kórónaveirunnar sem kom m.a. fram í samdrætti í viðburðahaldi en þó tókst að halda í gangi samstarfi AkAk og öldrunarheimila Akureyrar um fyrirlestra fulltrúa fyrir íbúa heimilanna og er greint frá fyrirlestrahaldinu á öldrunarheimilunum í kaflanum um ytra samstarf. Samtals voru haldnir þrjú fyrirlestrar á öldrunarheimilunum á starfsárinu en þeim fjórða varð að fresta fram til hausts á þessu ári. AkAk gat ekki staðið fyrir málþingum, ráðstefnum og námskeiðum á starfsárinu á eigin vegum eða í samstarfi við aðra aðila vegna áhrifa kórónuveirunnar.

AkAk stefnir að því að móta viðburðaáætlun um opið hús, kynningar og aðra opna viðburði á vegum stofnunarinnar, s.s. fyrirlestra, málþing og ráðstefnur. Einnig er stefnt að því að koma upp viðburðadagatali á vef AkAk.

### **7. Ytra samstarf**

Samkvæmt nýrri stefnu AkureyrarAkademíunnar eru meginmarkmið um ytra samstarf að skapa brú milli fræða og samfélags með samstarfi við almenning, fyrirtæki, stofnanir og opinbera aðila.

#### **a) Háskólinn á Akureyri**

Í september 2020 var samstarfssamningur AkAk og Háskólans á Akureyri endurnýjaður til næstu þriggja ára og er markmið hans m.a. eins og áður að efla samstarf milli aðila og stuðla að sem bestri nýtingu sérfræðipækningar, kunnáttu, efniviðs og aðstöðu sem samningsaðilar búa yfir. Samkvæmt samstarfssamningnum sendir AkAk upplýsingar á hverri önn til HA um þá sem starfa innan AkAk og hafa þær nýst vel til þess að kortleggja betur þá sérfræðipækningu sem er til staðar á svæðinu. Í samningnum er einnig eins og áður kveðið á um sameiginlegt ráðstefnuhald aðila einu sinni á samningstímabili en samræður við HA um útfærslu á þessu hafa þurft að bíða vegna áhrifa kórónuveirunnar. Stjórn AkAk telur mikilvægt að aðilar komi á föstum samstarfsvettvangi í þeim tilgangi að gera samstarfið skilvirkara.

#### **b) ReykjavíkurAkademían**

Í apríl 2021 var samstarfssamningur AkAk og ReykjavíkurAkademíunnar (RA) endurnýjaður til næstu þriggja ára. Markmið samningsins er að efla samstarf milli stofnananna og fræðimanna þeirra með áherslu á samráðsfundi og málþing, miðlun hagnýtra og stjórnunartengdra upplýsinga, rannsóknir og miðlun og nýtingu aðstöðu og húsnæðis. Eins og áður er ákvæði í samningnum um að þeir sem leigja vinnuaðstöðu á öðrum hvorum staðnum geti fengið tímabundna aðstöðu á hinum staðnum. Í tilefni af nýja samningnum héldu stjórnir og fræðimenn akademíanna rafrænan málfund þann 26. apríl til að eiga samtalið um aðferðir við að efla samstarf AkAk og RA til framtíðar út frá markmiðum nýs samstarfssamnings. Formenn stjórnna AkAk og RA kynntu fyrst stuttlega starfsemi sinna stofnana og farið var yfir nýjan samstarfssamning. Í umræðum um aðferðir við að efla samstarfið var lögð áhersla á að halda reglulega fundi, ekki bara á milli stjórnna heldur líka fræðimanna, og að mikilvægt væri að koma á samstarfi um innra starf akademíanna á ýmsum sviðum í því skyni að efla faglega og fræðilega umræðu, félagslega samveru og upplýsingastreymi. Stjórnnum AkAk og RA var falið að setjast saman yfir málin og koma með tillögur um aðferðir við að ýta samstarfinu úr vör í haust.

### c) Öldrunarheimilin á Akureyri

Í nóvember 2020 fór aftur af stað samstarf AkAk og öldrunarheimila Akureyrar um fyrirlestraröð fulltrúa fyrir íbúa heimilanna og aðra bæjarbúa. AkAk fékk til þessa styrki frá Menningar- og viðurkenningasjóði KEA og Samfélagssjóði Norðurorku. Ekki var hægt vegna kórónaveirunnar að halda fyrirlestrana í salnum á öldrunarheimilunum og að hafa þá opna fyrir bæjarbúa og því var brugðið á það ráð að streyma fyrirlestrum úr fundarherberginu í húsnæði AkAk til íbúa heimilanna sem fylgdust með þeim í sjónvörpum á sínum deildum.

- Í nóvember var Arndís Bergsdóttir nýdoktor við HÍ með fyrirlestur um byggðasafnið að Snartastöðum í Norður-Pingeyjarsýslu sem hét: *Það sem konur gerðu. Rýnt í sýningu safnsins að Snartastöðum* og byggði hann á rannsókn Arndísar á safninu sem er um margt ólíkt öðrum byggðasöfnum í landinu en þar skipar handverk kvenna og heimilishald veglegan sess.
- Í desember var Jón Hjaltason sagnfræðingur með fyrirlestur með heitinu: *Markús Ívarsson; saga Eyfirðings sem var á flóttu undan réttvísinni í tæp fjörutíu ár*. Þar var sagt frá óvenjulegu lífshlaupi þessa manns sem var ungur dæmdur fyrir ærstuld og sat í tukhúsi í Kaupmannahöfn.
- Í janúar voru sagnfræðingahjónin Margrét Guðmundsdóttir og Þórarinn Hjartarson með fyrirlestur sem hét: *Sigríður á Tjörn. Lífsganga sveitakonu. Myndbrot og minningar* og byggði hann á textum sem Sigríður hefur skrifað og viðtölum sem hafa verið tekin við hana sem börn Sigríðar hafa safnað og gefið út í bók.
- Til stóð að Þórarinn Hjartarson sagnfræðingur yrði með fyrirlestur í apríl í salnum á öldrunarheimilunum *um Pál Ólafsson og ljóðagerð hans* með áherslu á ástarljóðin og söguna bak við þau þar sem ljóðin eru ýmist lesin eða sungin. Fresta þurfti tónlistarviðburðinum vegna kórónaveirunnar og er gert ráð fyrir að hann verði á dagskrá í ágúst á þessu ári.

Fyrir á þessu ári fékk AkAk styrki frá Menningar- og viðurkenningasjóði KEA og Menningarsjóði Akureyrar til að vera með fyrirlestra fyrir íbúa öldrunarheimilanna og aðra borgara í bænum í haust á þessu ári og er undirbúningur fyrir fyrirlestrahaldið í fullum gangi.

### d) Akureyrarbær

Í maí 2021 gerðu Akureyrarbær og AkureyrarAkademían samstarfssamning sín á milli til næstu þriggja ára. Markmið samningsins er að styðja við frumkvöðlastarf og um leið starfsemi AkAk þar sem Akureyrarbær býður upp á og greiðir AkAk fyrir vinnuaðstöðu tveggja einstaklinga sem vinna að nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefnum. Starfsaðstöðunni fylgja skrifstofuhúsgögn, nettenging, aðgangur að prentara og sameiginlegri aðstöðu eins og fundarherbergi og eldhúsaðstöðu. Gert er ráð fyrir að starfsaðstaðan verði auglýst laus til umsóknar til sex mánaða í senn og að í haust verði auglýst í fyrsta skipti eftir umsóknum. Samningsaðilar settu einnig verklagsreglur um auglýsingar og hvernig verður staðið að vali á þeim einstaklingum sem fá inni hjá AkAk hverju sinni.

### e) Samtök þekkingarsetra

Það er stefna AkAk að efla tengsl við önnur þekkingar- og fræðasetur á landsbyggðinni. Til að fylgja þessu eftir sendi stjórn AkAk erindi til Samtaka þekkingarsetra (SPS) í byrjun júní á þessu ári þar sem óskað var eftir aðild stofnunarinnar að samtökunum en þau voru formlega stofnuð í apríl á síðasta ári og

hafa þann tilgang að efla samvinnu setranna á landsbyggðinni, gæta sameiginlegra hagsmuna þeirra og efla skilning á mikilvægi starfseminnar.

**f) Vísindastofnanir og atvinnulíf**

AkAk stefnir að því að efla tengsl við vísindastofnanir og atvinnulíf á Norðurlandi og mun hefja þá vegferð með því að taka saman yfirlit yfir stofnanir og aðila í atvinnulífinu sem áhersla er lögð á að ná tengslum við og í kjölfarið að kanna grundvöll og koma á samstarfi við valdar stofnanir og aðila í atvinnulífinu.